



# Velferðarvaktin

## Stöðuskýrsla 2017-2018

**Desember 2018**

---

Velferðarvaktin – Stöðuskýrsla 2017–2018  
Desember 2018

Útgefandi: Velferðarvaktin  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Umbrot og textavinnsla: Velferðarvaktin

© 2018 Velferðarvaktin

ISBN 978-9935-477-54-5

# Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
1.1	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	5
2	Störf Velferðarvaktarinnar 2017-2018	7
2.1	Tillögur Velferðarvaktarinnar	7
2.1.1	Frí námsgögn fyrir grunnskólabörn	7
2.1.2	Málefni flóttamanna	9
2.1.3	Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum	10
2.1.4	Málefni utangarðsfólks	11
2.2	Rannsóknir og kannanir	13
2.2.1	Rannsókn á lífskjörum og fátækt barna	13
2.2.2	Skólasókn grunnskólanema	13
2.3	Þátttaka í fundum, viðburðum og öðrum verkefnum	13
2.3.1	Morgunverðarfundur um málefni skuldara	14
2.3.2	Morgunverðarfundurinn „Fátækt á fullveldisöld“	14
2.4	Félagsvísar	14
3	Kynningar á Velferðarvaktinni	15
3.1	Velferðarvaktin kynnt félagsmálaráðherra Færeyja	15
3.2	Velferðarvaktin kynnt á ráðstefnunni „Velliðan fyrir alla – Jöfnuður og heilsa“	15
3.3	Velferðarvaktin kynnt á Norrænu lýðheilsuráðstefnunni 2017	15
3.4	Kynning á Velferðarvakt og málþing á Austurlandi	15
4	Fundir Velferðarvaktarinnar 2017-2018	18
5	Fulltrúar í Velferðarvaktinni	22
6	Lokaorð	23

# 1 Inngangur

Velferðarvaktin var sett á stofn af Ástu R. Jóhannesdóttur þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra í febrúar 2009 í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Henni var ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins á fjölskyldur og heimili í landinu, meta aðgerðir sem gripið hafði verið til og leggja fram tillögur til úrbóta. Velferðarvaktin starfaði í þeirri myndi í tíð þriggja ráðherra, þeirra Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, félags- og tryggingamálaráðherra 2009, Árna Páls Árnasonar félags- og tryggingamálaráðherra 2009–2010 og Guðbjarts Hannessonar félags- og tryggingamálaráðherra, heilbrigðisráðherra 2010 og velferðarráðherra 2011–2013. Velferðarvaktin skilaði af sér lokaskýrslu í desember 2013. Í lokaskýrslunni var m.a. lagt til að Velferðarvaktin starfaði áfram en yrði endurskipuð. Eygló Harðardóttir, þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, tók mið af tillögunni árið 2014 og endurskipaði Velferðarvaktina. Í skipunarbréfi hennar segir að hún sé ráðgefandi fyrir félags- og húsnæðismálaráðherra sem og stjórnvöld og skuli huga „...að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“. Velferðarvaktin hefur starfað í þeirri mynd í tíð þriggja ráðherra, þeirra Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra 2013–2017, Þorsteins Víglundssonar félags- og jafnréttismálaráðherra 2017 og nú Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og jafnréttismálaráðherra 2017-.

Í anda hlutverks vaktarinnar eru tveir undirhópar starfandi innan hennar. Annar hópurinn fjallar um sárafátækt (e. extreme poverty), leiddur af Vilborgu Oddsdóttur, sem situr í Velferðarvaktinni fyrir hönd Hjálparstarfs kirkjunnar. Hinn hópurinn fjallar um barnafjölskyldur, leiddur af Salbjörgu Bjarnadóttur, sem situr í Velferðarvaktinni fyrir hönd Embættis landlæknis. Undirhóparnir hittast reglulega og fjalla nánar um það sem snýr að þeirra viðfangsefni, þ.e. sárrí fátækt og barnafjölskyldum. Undirhóparnir geta bæði tekið upp mál á fundum Velferðarvaktarinnar eða tekið mál til nánari skoðunar sem upp hafa komið á fundum vaktarinnar.

Á árunum 2017–2018 hafa fulltrúar í Velferðarvaktinni verið um 40 talsins. Á tímabilinu hefur Velferðarvaktin fundað í heild sinni 12 sinnum en undirhóparnir þar til viðbótar. Velferðarvaktin á vefsvæði á vef ráðuneytisins og eru fundargerðir hennar birtar þar ásamt öðru efni sem tengist starfi hennar.

Samkvæmt skipunarbréfi er gert ráð fyrir því að Velferðarvaktin afhendi ráðherra stöðuskýrslur með reglubundnum hætti og miðli stjórnvöldum jafnt sem almenningi upplýsingum um störf sín. Er stöðuskýrslu þessari ætlað að uppfylla það ákvæði en hún nær til árána 2017-2018. Skýrslan er samin í anda síðustu stöðuskýrslu sem náði til árána 2014-2016.

---

## 1.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

---

Í skipunarbréfi Velferðarvaktar segir að hún sé ráðgefandi fyrir félags- og húsnæðismálaráðherra sem og stjórnvöld og skuli huga „...að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru mikilvæg í ljósi hlutverks Velferðarvaktarinnar. Nefna má m.a. markmið nr. 1 Engin fátækt, nr. 2 Ekkert hungur, nr. 3 Heilsa og vellíðan, nr. 4 Menntun fyrir alla og nr. 10 Aukinn jöfnuður, í því sambandi.

Í Stöðuskýrslu stjórnvalda um Heimsmarkmiðin, sem markar upphafsskref í átt að farsælli innleiðingu markmiðanna og var gefin út í júní 2018, er Velferðarvaktarinnar getið og tölur úr félagsvísunum nýttar. Er þar varpað ljósi á núverandi stöðu Íslands, en þar segir m.a. (bls. 8-9)<sup>1</sup>

*„Ísland er velferðarriki á vestrænanan mælikvarða og lífskjör íslenskra ríkisborgara því almennt talin góð samanborið við aðrar þjóðir heimsins. Nýjustu mælingar sýna að á Íslandi ríkir mestur tekjujöfnuður og minnst fátækt meðal Evrópuþjóða en þrátt fyrir þær jákvæðu niðurstöður býr ákveðinn hópur fólks enn við efnislegan skort og fátækt. Eitt af meginstefjum Heimsmarkmiðanna er að skilja engan eftir og því er mikilvægt að hafa það að leiðarljósi við innleiðingu fyrsta markmiðsins um að útrýma fátækt á Íslandi.*

#### *Útrýming fátæktar í öllum myndum*

*Það getur verið vandkvæðum bundið að skilgreina fátækt, sér í lagi er kemur að alþjóðasamanburði. Það er stefna stjórnvalda að styrkja sérstaklega stöðu fólks sem stendur höllum fæti og gera tillögur til úrbóta á kjörum tekjulægstu hópanna í samfélaginu. Velferðarvakt íslenskra stjórnvalda lét vinna greiningu á sárafatækt árið 2016 sem leiddi í ljós að á bilinu 1,3 til 3% landsmanna búa við sárafatækt. Velferðarvaktin lagði til grundvallar verkefninu skilgreiningu á sárafatækt sem samsvarar þeim hópi sem Hagstofan mælir að búi við verulegan skort á efnislegum gæðum. Mælingin „skortur á efnislegum gæðum“ var þróuð af evrópsku hagstofunni Eurostat með það fyrir augum að bregðast við vissum annmörkum tekjumælinga á fátækt. Á Íslandi eru ekki til opinber viðmið um fátækt en helst hefur verið notast við skilgreiningu á lágtekjumörkum sem miða við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 8,8% íbúa undir lágtekjumörkum árið 2016, þar á meðal 11% barna og 24,9% einstæðra foreldra. Til samanburðar má nefna að árið 2011 mældust 9,2% landsmanna undir lágtekjumörkum. Félagslegt tryggingakerfi hefur verið við lýði á Íslandi frá því á fyrri hluta 20. aldar. Lögum samkvæmt eiga allir sem eru löglega búsettir á Íslandi rétt á grunnþjónustu sem felur í sér aðgengi að menntun, heilbrigðisþjónustu, öruggu húsnæði, félagslegu tryggingakerfi og félagsþjónustu. Sveitarfélög veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga gilda reglur viðkomandi sveitarfélags í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga en 4,4% heimila á Íslandi fengu slíka fjárhagsaðstoð árið 2016.“*

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=e17cc53a-7950-11e8-942c-005056bc530c>

## 2 Störf Velferðarvaktarinnar 2017-2018

Starfsemi Velferðarvaktarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Nokkrar breytingar voru á fulltrúum í vaktinni auk þess sem nýjir aðilar hafa bæst í hópinn (sjá kafla 5). Síðastliðin ár hafa 2 undirhópar verið starfandi en um er að ræða a) barnahóp, sem leiddur er af Salbjörgu Bjarnadóttur og b) sárafátæktarhóp, sem leiddur er að Vilborgu Oddsdóttur, sem báðar hafa verið fulltrúar í Velferðarvaktinni til margra ára. Venjan er að þegar vaktin ákveður að taka ákveðin mál til skoðunar þá er þeim gjarnan vísað til viðeigandi undirhóps sem tekur málið til nánari skoðunar og kemur með niðurstöður eða jafnvel tillögur, sem bornar eru upp á fundi Velferðarvaktarinnar.

### 2.1 Tillögur Velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktin hefur síðastliðin ár sent hvatningarbréf til stjórnvalda og einnig sett fram tillögur er varða mikilvæg hagsmunamál sem fulltrúar hafa viljað vekja sérstaka athygli á.

#### 2.1.1 Frí námsgögn fyrir grunnskólabörn

Velferðarvaktin hefur um árabil lagt áherslu á að sveitarfélög haldi kostnaði heimila vegna skólasóknar grunnskólabarna í lágmarki í þeim tilgangi að koma til móts við þá sem höllum fæti standa. Velferðarvaktin hélt þannig áfram að vinna að lækkun kostnaðar barnafjölskyldna vegna kaupa á ritföngum og pappír. Þann 11. apríl. 2017 sendi Velferðarvaktin bréf til Kristjáns Þórs Júlíussonar, mennta- og menningarmálaráðherra<sup>2</sup>, þar sem m. a. kom fram:

*„Velferðarvaktin leggur til að menntamálaráðherra beiti sér fyrir endurskoðun 31. greinar grunnskólalaga í ljósi þess að samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var hér á landi þann 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenski löggjöf, eiga börn rétt á ókeypis grunnenntun. Í 28. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir „Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum: a) Koma á skyldu til grunnenntunar sem allir geti notið ókeypis.“ Samkvæmt 31. grein grunnskólalaga skal skyldunám vera veitt að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu. Þar er þó einnig að finna þann lagatexta sem Velferðarvaktin telur brýnast að endurskoða, en það er sá lagatexti sem sveitarfélög hafa stuðst við varðandi kostnaðarþátttöku nemenda í skyldunámi. Hann hljómar svo „Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.“ Velferðarvaktin hefur átt gott samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna þessa máls og sendi á síðasta ári hvatningarbréf til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa og skólastjóra, um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki (sjá fylgiskjal). Samkvæmt úttekt sem Samband íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir síðastliðið vor er kostnaðarþátttaka vegna svokallaðra ritfangalista, sem ætlast er til að nemendur kaupji, mjög mismunandi milli einstakra árganga og skóla. Er kostnaðarþátttakan frá 0-22.300 krónur á nemanda. Velferðarvaktin telur að kostnaðarþátttaka foreldra, vegna ritfanga og annarra gagna vegna skólagöngu barna, upp á tugi þúsunda króna samrýmist hvorki anda Barnasáttmálans né*

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=98337b91-581e-11e7-9416-005056bc4d74>

*grunnskólalaganna og leggur því til að menntamálaráðherra beiti sér fyrir endurskoðun 31. greinar grunnskólalaganna."*

Velferðarvaktin hvatti einnig sveitarfélögin í sama máli og sendi stjórn og framkvæmdastjórn Sambandi Íslenskra sveitarfélaga bréf þann 12. maí 2017<sup>3</sup> þar sem hvatt var til að sambandið stæði fyrir könnun meðal sveitarfélaganna áður en næsta skólaár hæfist haustið 2017. Í þeirri könnun yrði óskað eftir upplýsingum um:

a) Hvaða sveitarfélög útvega grunnskólanemendum ritföng og önnur skólagögn þeim að kostnaðarlausu, en samkvæmt upplýsingum Velferðarvaktarinnar voru a.m.k. fjögur sveitarfélög sem stóðu þannig að málum á árinu 2016, þ.e. Ísafjarðarbær, Sandgerðisbær, Mýrdalshreppur og Borgarfjarðarhreppur. b) Hvaða sveitarfélög hafa í hyggju að afnema kostnaðarþátttöku grunnskólanema á næsta skólaári sem hefst í haust? c) Hvaða sveitarfélög hafa í hyggju að lækka kostnaðarþátttöku grunnskólanema á komandi skólaári?

Þar sem sambandið sá sér ekki fært að standa fyrir slíkri könnun ákvað Velferðarvaktin að standa sjálf fyrir könnuninni og fékk rannsóknarfyrirtækið Maskínu til verksins.

Í könnuninni var haft samband við öll sveitarfélög í landinu og meðal annars spurt hvort nemendur í grunnskólum á þeirra vegum þyrftu sjálfir að greiða fyrir námsgögn s.s. ritföng og pappír, hvort sveitarfélögin greiddu þennan kostnað að fullu eða að hluta og jafnframt hvort þau hefðu sett sér einhverja stefnu hvað þetta varðaði. Spurt var hvernig þessum málum var háttað á síðasta skólaári og hvernig þeim yrði háttað á komandi skólaári. Í könnuninni var upplýst að sambærileg könnun yrði gerð að ári. Helstu niðurstöður könnunarinnar<sup>4</sup> voru :

- Alls ætlaði 41 sveitarfélag (55%) að greiða skólagögn nemenda að fullu á þessu skólaári og voru það ríflega tvöfalt fleiri sveitarfélög en árið þar á undan, sem voru þá 17 (23%).
- Til viðbótar þeim sveitarfélögum sem ætluðu að afnema greiðsluþátttöku nemenda að fullu ætluðu 17 sveitarfélög að draga úr kostnaðarhlutdeild nemenda í skólagögnum.
- 78% sveitarfélaga höfðu ýmist ákveðið að greiða að fullu fyrir námsgögn nemenda sinna eða lækka kostnaðarhlutdeild þeirra miðað við síðastliðið skólaár.

Könnunin og sú athygli sem hún fékk bæði hjá sveitarstjórnnum og almenningi hafði mikil og jákvæð áhrif að mati margra. Æ fleiri sveitarfélög bættust í hóp þeirra sem boðuðu endurskoðun á kostnaðarþátttöku í skólagögnum. Þann 27. desember 2017 vakti Velferðarvaktin athygli á þessari jákvæðu þróun með yfirlýsingu<sup>5</sup> þar sem fram kom að Velferðarvaktin hefði í hyggju að gera nýja könnun um kostnaðarþátttöku grunnskólabarna næsta sumar og staðan í lok árs 2017 var tíunduð:

*„Velferðarvaktin fól Maskínu að gera könnun á kostnaðarþátttöku grunnskólabarna í skólagögnum, s.s. ritföngum og pappír, í júlí og ágúst sl. Leiddi hún í ljós að sveitarfélög sem ráku skóla fyrir um 38% grunnskólabarna landsins höfðu afnumið kostnaðarþátttöku þeirra í skólagögnum frá og með yfirstandandi skólaári.“*

Í kjölfar könnunarinnar hvatti Velferðarvaktin öll sveitarfélög til þess að skoða niðurstöður hennar í tengslum við gerð fjárhagsáætlana sinna fyrir næsta skólaár, 2018-2019.

Frá því að könnunin var gerð bættust fjölmörg sveitarfélög, þar sem alls bjuggu um 56% grunnskólabarna landsins, í hóp þeirra sem hafa afnumið kostnaðarþátttöku af þessu tagi og komu

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=98337b8f-581e-11e7-9416-005056bc4d74>

<sup>4</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b4e2cf24-864a-11e7-9419-005056bc4d74>

<sup>5</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/velferdarvaktin/frettir/stok-frett-velferdarvaktar/2017/12/27/Kostnadarhattaka-afnumin-hja-94-grunnskólabarna/>

þeim upplýsingum á framfæri við Velferðarvaktina eða á opinberum vettvangi. Þar vó Reykjavíkurborg þyngst, með um 14.000 grunnskólanemendur á sínum snærum.

Alls bjuggu því að minnsta kosti 40.859 börn, eða 94% grunnskólanemenda landsins, í sveitarfélögum þar sem búið var að taka ákvörðun um að afnema kostnaðarpáttöku vegna námsgagna á skólaárinu 2018-2019.

Þau börn sem eftir stóðu bjuggu, samkvæmt könnuninni, í sveitarfélögum sem höfðu ýmist dregið úr kostnaðarpáttökunni, svörðu ekki könnuninni, sögðust ekki hafa stefnu í málinu eða gætu ekki svarað. Einnig er hugsanlegt að í einhverjum þessara sveitarfélaga hafi verið tekin ákvörðun um að afnema kostnaðarpáttöku án þess að Velferðarvaktinni væri kunnugt um það.

Haustið 2018 fól Velferðarvaktin rannsóknarfyrirtækinu Maskínu að framkvæma sambærilega könnun á kostnaðarpáttöku grunnskólabarna í ritföngum og pappír og gerð var árinu fyrr. Nýja könnunin<sup>6</sup> sýndi að á næsta skólaári 2018-2019 munu 99% grunnskólabarna búa í sveitarfélögum sem hafa afnumið hana. Velferðarvaktin hefur tvívegis falið rannsóknarfyrirtækinu Maskínu að kanna kostnaðarpáttöku grunnskólabarna í skólagögnum. Niðurstöðurnar hafa leitt í ljós að flest sveitarfélög hafa ákveðið að afnema kostnaðarpáttöku grunnskólabarna vegna skólagagna

Í þeim sveitarfélögum sem svara því til að þau hafi ekki afnumið kostnaðarpáttöku búa um 1% grunnskólabarna landsins. Könnunin leiddi því í ljós að alls búa nú að minnsta kosti 44.643 börn, eða um 99% grunnskólanema landsins, í sveitarfélögum sem hafa aflétt kostnaðarpáttöku grunnskólanema.

Formaður Velferðarvaktar Siv Friðleifsdóttir, kom á framfæri af þessu tilefni að þróunin væri eintaklega ánægjuleg:

*„Nýja könnunin sýnir að sveitarfélögin eru að taka stórt skref í þágu barna. Þau eru að aflétta um 300-350 milljónum króna árlega af barnafjölskyldum með þessu skrefi. Velferðarvaktin hefur lengi beitt sér fyrir því að sveitarfélögin leggi kostnaðarpáttöku af svo bágur efnahagur heimilis komi síður niður á námi og lífi barna. Barnaheill, Heimili og skóli og ýmis foreldrafélög hafa einnig beitt sér. Upplýsingar Velferðarvaktarinnar sýna að kostnaðarpátttaka hefur verið mjög mismunandi og farið allt upp í 22.300 krónur á ári. Við höfum komið því á framfæri að kostnaðarpátttaka upp á tugi þúsunda króna samrýmist hvorki anda Barnasáttmálans né grunnskólaganna og höfum hvatt menntamálaráðherra til að beita sér fyrir endurskoðun 31. greinar grunnskólaganna. Við í Velferðarvaktinni fögnum því að langflest grunnskólabörn eru laus við kostnaðarpáttökuna og vonum að innan tíðar verði þau öll komin í þann hóp“.*

Ekki stendur til að Velferðarvaktin geri fleiri kannanir á kostnaðarpáttöku barna í skólagögnum því málið er komið í höfn.

### 2.1.2 Málefni flóttamanna

Velferðarvaktin fylgdist með málefnum flóttamanna á tímabilinu og lagði til við Þorstein Víglundsson, þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra, að efla rannsóknir og þróunarverkefni sem snúa að flóttamönnum sbr. bréf vaktarinnar til ráðherra þann 11. apríl 2017.<sup>7</sup>

*„Velferðarvaktin hefur að undanfögnu fjallað um málefni flóttamanna í kjölfar verulegrar aukningar umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi. Frjáls félagasamtök verða óhjákvæmilega vör við þessa stöðu en stór hópur þeirra sem leita til hjálpsamtaka eru flóttamenn og innflytjendur sem eiga í mörgum tilvikum erfitt með að fóta sig í nýju samfélagi. Fulltrúar í Velferðarvaktinni eru einhuga um að með góðum og fjölbreyttum*

<sup>6</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=721115d9-ab8b-11e8-942a-005056bc4d74>

<sup>7</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=98337b90-581e-11e7-9416-005056bc4d74>



verkefnum er lúta að þátttöku einstaklinga í íslensku samfélagi og myndun félagslegra tengsla, muni þessir einstaklingar eiga auðveldara með að gerast virkari samfélagsþegnar. Velferðarvaktin leggur af því tilefni fram eftirfarandi tillögu til stjórnvalda: Að stjórnvöld styðji betur við rannsóknir og þróunarverkefni sem snúa að flóttamönnum með því að verkefnasvið Þróunarsjóðs innflytjendamála verði útvíkkað og nái einnig til málefna flóttamanna. Nýtt nafn sjóðsins gæti þar af leiðandi orðið Þróunarsjóður innflytjenda- og flóttamannamála. Reglur sjóðsins verði endurskoðaðar í samræmi við útvíkkun á hlutverki sjóðsins. Samhliða auknu hlutverki sjóðsins verði stofnframlag hans tvöfaldað úr 10 milljónum króna í a.m.k. 20 milljónir króna. Kraftur frjálsra félagasamtaka er mikill og mikilvægt að hann sé nýttur í meira mæli við að efla virkni innflytjenda og flóttamanna. Tillagan um eflingu ofangreinds sjóðs væri liður í þeirri viðleitni."

Síðla árs 2018 var tilkynnt að samkvæmt ákvörðun félags- og jafnréttismálaráðherra yrði, að þessu sinni, fjárhæð til úthlutunar úr þróunarsjóði innflytjendamála hækkuð úr 10 milljónum króna í 25 milljónir og áhersla lögð á að veittir verði styrkir til verkefna í þágu barna og ungmenna. Þróunarsjóður innflytjendamála styrkir bæði verkefni sem lúta að innflytjenda- og flóttamannamálum. Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2019.

### 2.1.3 Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum

Haustið 2017 skoðaði Velferðarvaktin brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum. Í framhaldinu samþykkti Velferðarvaktin þann 29. nóvember 2017 samtals 14 tillögur til stjórnvalda um aðgerðir til að auka hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi. Voru tillögurnar sendar til mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju Daggar Alfreðsdóttur, félags- og jafnréttismálaráðherra, Ásmundar Einars Daðasonar og Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra. Einnig voru tillögurnar sendar alþingismönnum, framkvæmdastjórum sveitarfélaga, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og nemendaráðum.<sup>8</sup>

Tillögurnar voru eftirfarandi

*„Velferðarvaktin telur mikilvægt að sem flest ungmenni geti stundað nám við hæfi og þannig stuðlað að farsælu lífi til framtíðar. Hátt hlutfall brotthvarfs nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi er því áhyggjuefni. Samkvæmt Hvítbók menntamálaráðuneytis er hlutfall fullorðinna án framhaldsskólaprófs hið hæsta meðal Norðurlandanna og það fimmta hæsta meðal OECD-riksa eða um 30%. Þar kemur fram að hægt gengur að hækka menntunarstig þjóðarinnar og að þetta háa hlutfall fólks án framhaldsskólamenntunar geti haft alvarlegar efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Samkvæmt skýrslu Barnaheilla–Save the Children á Íslandi, Ending Educational and Child Poverty in Europe, sem fjallar um fátækt barna og tengsl bágs efnahags við skort á tækifærum og menntun, er skortur á menntun einn helsti áhættuþáttur fátæktar og er brotthvarf einn þeirra mælikvarða sem stuðst er við. Samkvæmt skýrslunni er brotthvarf barna úr framhaldsskólum á Íslandi um 19%, en í Danmörku 8%, Svíþjóð 7%, Finnlandi 9% og Noregi 11%. Meðaltal brotthvarfs í Evrópu er 11%. Eitt af meginmarkmiðum Evrópu 2020 áætlunarinnar er að minnka brotthvarf úr framhaldsskólum niður fyrir 10% fyrir árið 2020. Miðað við þróunina hér á landi undanfarin ár er líklegt að ekki muni takast að koma brotthvarfi niður fyrir það mark fyrr en árið 2030 nema sérstaklega verði spornað við.*

*Velferðarvaktin telur að með eftirtöldum aðgerðum geti stjórnvöld stuðlað að bættu hlutfalli nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi:*

<sup>8</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=fa271469-d5bb-11e7-9420-005056bc4d74>

1. Vinna markvisst að þeim árangri sem stefnt er að í Hvítbók menntamálaráðuneytisins um umbætur í menntun, en þar er sett það markmið að 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma árið 2018 — úr 44% árið 2014.
2. Styrkja forvarnir og heilsueflingu og bregðast strax við með heildrænum hætti ef vart verður við vanda nemanda í grunnskóla.
3. Tryggja að stuðningur sem nemandi þarfnast í grunnskóla verði einnig tryggður í framhaldsskóla.
4. Að skima í grunnskóla fyrir einstaklingum í áhættu á brotthvarfi.
5. Auka stuðning við skóla vegna sértækra aðgerða sem sporna við brotthvarfi.
6. Efla náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskólum til að stuðla að markvissu námsvali ungmenna og gefa nemendum kost á fjölbreyttu námsvali þannig að sem flestir hafi tækifæri til að ljúka námi við hæfi.
7. Efla geðheilbrigðisþjónustu við framhaldsskólanema með greiðara aðgengi að sálfræðingum, þeim að kostnaðarlausu.
8. Auka aðgengi að félagsráðgjöf innan skólanna til að koma til móts við félagslega stöðu nemenda.
9. Auka stuðning við starfsfólk skólanna og laða ungt fólk að kennaranámi svo skólarnir þróist sem öflug lærdómssamfélög sem ungmenni sækjast eftir að vera hluti af.
10. Tryggja öllum nemendum í elstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla stuðning við nám og heimanám s.s. með námsverum.
11. Auka aðgang að hljóðbókum og kynna kosti hljóðbóka fyrir nemendum. Tryggja að allir sem vilja geti nýtt sér þær til náms.
12. Ungmönnum sem hafa horfið frá námi verði boðið upp á einstaklingsmiðuð úrræði til að koma aftur í nám. Líta má til aðferðarfræðinnar í átaksverkefni „Nám er vinnandi vegur“ sem fyrirmynd.
13. Tryggja að allir nemendur eigi kost á að fara í framhaldsnám óháð aldri.
14. Tryggja að skipulag framhaldsskóla geri ráð fyrir nægum frí- og hvíldartíma nemenda og jöfnu aðgengi allra að félagsstarfi. Hvítbók menntamálaráðuneytis.<sup>9</sup>

Velferðarvaktinni er kunnugt um að á síðust mánuðum hefur verið unnið innan stjórnsýslunnar að framgangi hluta ofangreindra tillagna.

#### 2.1.4 Málefni utangarðsfólks

Á fyrri hluta árs 2018 skoðaði Velferðarvaktin málefni utangarðsfólks. Á fundi þann 20. mars 2018 voru samþykktar tillögur um bættar aðstæður utangarðsfólks. Í tillögunum er meðal annars kallað eftir því að komið verði upp dagdvöl fyrir utangarðsfólk sem yrði opin allan daginn, en ekkert slíkt er fyrir hendi í dag. Í dagdvöl væri snyrtiaðstaða og sturtur, matur, fataúthlutun, hvíldaraðstaða, virkni og launuð verkefni, félagsráðgjöf og heilbrigðisþjónusta. Æskilegt væri að dagdvöl væri í nálægð við Gistiskýlið og Konukot.

Á sínum tíma var opið dagsetur fyrir utangarðsfólk á Grandanum á vegum Hjálpræðishersins en rekstri var hætt í lok ágúst 2015 þegar þau misstu húsnæðið að Eyjaslóð. Í dag er kaffistofa Samhjalpar opin á daginn og í Vin á Hverfisgötu hafa einstaklingar sótt sem treysta sér til þess að fara að húsreglum. Næturskýlin eru lokuð milli kl.10-17. Á daginn er því í nær engin hús að venda og veldur það álagi á einstaklingana, heilbrigðiskerfið og borgarsamfélagið.

Velferðarvaktin lagði til að heilbrigðisráðherra, félags- og jafnréttismálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga setji af stað formlegan starfshóp þar sem fjallað verði um tillögur

<sup>9</sup> [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneytimedia/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneytimedia/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)  
Skýrsla Save the Children, Ending Educational and Child Poverty in Europe [https://www.savethechildren.nl/sci-nl/media/Save-thechildren/PDF/ending\\_educational\\_and\\_child\\_poverty\\_in\\_europe\\_02-12-2016.pdf](https://www.savethechildren.nl/sci-nl/media/Save-thechildren/PDF/ending_educational_and_child_poverty_in_europe_02-12-2016.pdf)  
(meira á næstu síðu)

Velferðarvaktarinnar í þeim tilgangi að bæta aðstæður utangarðsfólks. Starfshópurinn verði í góðu samstarfi við frjáls félagasamtök sem hafa komið að málefnum utangarðsfólks.<sup>10</sup>

Tillögurnar um bætta aðstæður utangarðsfólks voru eftirfarandi

*„Fjöldi einstaklinga sem eru utangarðs og/eða heimilislausir á Íslandi fer vaxandi samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurborgar. Árið 2009 voru þeir 121, árið 2012 alls 179 en árið 2017 alls 349. Mikilvægt er að þessari þróun verði snúið við og aðstæður hópsins bætta. Velferðarvaktin telur að eftirfarandi aðgerðatillögur séu mikilvægastar við þær aðstæður sem nú eru uppi:*

- *Koma þarf upp dagdvöl fyrir utangarðsfólk sem er opið allan daginn, en ekkert slíkt er fyrir hendi í dag. Í dagdvöl væri snyrtiaðstaða og sturtur, matur, fataúthlutun, hvíldaraðstaða, virkni og launuð verkefni, félagsráðgjöf og heilbrigðisþjónusta. Æskilegt væri að dagdvöl væri ekki langt frá Gistiskýlinu og Konukoti.*
- *Bæta þarf aðgengi að meðferð við vímuefnavanda og uppræta biðlista.*
- *Koma þarf upp fleiri áfangaheimilum þar sem stutt er við utangarðsfólk. Einnig þarf að tryggja aðgengi að öruggu húsnæði til lengri tíma og er mælt með að „housing first“ hugmyndafræðin verði leiðarljósið í þeirri vinnu.*
- *Útvega þar atvinnutækifæri þ.e. lágþröskuldsvinnu (low threshold work) sem gæti hentað utangarðsfólki.*

*Heilbrigðisráðherra, félags- og jafnréttismálaráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga setji af stað formlegan starfshóp þar sem fjallað verði um ofangreindar aðgerðir með því markmiði að aðstæður utangarðsfólks verði bætta. Starfshópurinn verði í góðu samstarfi við frjáls félagasamtök sem hafa komið að málefnum utangarðsfólks.*

*Ofangreindar tillögur eru þess eðlis að bæði ríki og sveitarfélög þurfa að koma að þeim og vinna að lausnum sameiginlega. Ekkert sveitarfélag er stíkkfrí í því sambandi. Einnig er rétt að frjáls félagasamtök komi að málum þar sem þau hafa sinnt þessum hópi og hafa þekkingu á aðstæðum hans.“*

Með tillögunum fylgdi ítarefni um málefni utangarðsfólks.<sup>11</sup>

Í desember 2018 skipaði félags- og jafnréttismálaráðherra stýrihóp um málefni utangarðsfólks meðal annars vegna tillagna Velferðarvaktarinnar. Í skipunarbréfinu kemur fram

*„Vandi utangarðsfólks er fjölþættur og ábyrgð á úrlausnum liggur bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Mikilvægt er að samfelld og heildstæð félags- og heilbrigðisþjónusta standi utangarðsfólki til boða eftir því sem hentar hverju sinni. Velferðarráðuneytinu hafa borist erindi frá Umboðsmanni Alþingis, Velferðarvaktinni og Reykjavíkurborg varðandi málefni utangarðsfólks.*

*Hlutverk hópsins er að skoða þær ábendingar, hugmyndir og tillögur sem fram koma í bréfum ofangreindra aðila sem lúta að því að koma upp dagdvöl, bæta aðgengi að meðferð við vímuefnavanda, fjölga áfangaheimilum, útvega atvinnutækifæri, hjúkrunarrými fyrir eldra utangarðsfólk, húsnæðisvanda utangarðsfólks og skoða leiðir til að bæta málsmeðferðartíma.“*

<sup>10</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/velferðarvaktin/frettir/stok-frett-velferðarvaktar/2018/03/22/Tillögur-Velferðarvaktarinnar-um-bættar-adstaedur-utangarðsfólks/>

<sup>11</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=31d632ec-2deb-11e8-9427-005056bc4d74>

Gert er ráð fyrir að hópurinn skili tillögum til ráðherra í maí 2019.

---

## 2.2 Rannsóknir og kannanir

### 2.2.1 Rannsókn á lífskjörum og fátækt barna

Samkvæmt skipunarbréfi skal Velferðarvaktin m.a. huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra. Velferðarvaktin ákvað í nóvember 2017 að fela EDDU öndvegissetri að gera rannsókn á lífskjörum og fátækt barna á Íslandi. Niðurstöðurnar verða sambærilegar niðurstöðum lífskjararannsókna Evrópusambandsins (EU Survey of Income and Living Conditions - EU-SILC).

Í rannsókninni verður þróun lífskjara og lífsgæða barna rakin yfir tímabilið 2004-2016 með megináherslu á þrjú tímabil, þ.e. uppgangstímabilið frá 2005-2007, árin um og eftir hrun, frá 2008 til 2011 og endurreisnartímenn frá 2012-2016. Staða íslenskra barna verður borin saman við stöðu annarra þjóðfélags hópa og stöðu barna í öðrum Evrópulöndum en einnig verður munurinn á milli ólíkra hópa barna greindur og helstu áhrifaþættir á lífskjör barna metnir. Niðurstöður verða settar í samhengi við helstu þjóðfélagsbreytingar sem urðu á tímabilinu og breytingar sem gerðar voru á opinberri stefnumótun og varða lífskjör barna.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í skýrslu þar sem dregin verður upp heildstæð mynd af lífskjörum barna á Íslandi og þau sett í evrópskt samhengi. Skýrslan mun innihalda nýjar mælingar upp úr lífskjararannsókninni sem ekki hafa birst áður á Íslandi. Einnig verður þar bent á hvaða upplýsingar skortir til að bæta reglubundna gagnasöfnun sem varpar ljósi á lífskjör barna. Áætlað var að skýrslan yrði gefin út í ágúst 2018 en henni seinkaði m.a. vegna skorts á gögnum. Verður skýrslan gefin út í febrúar 2019. Vinnsla hennar er í höndum Kolbeins Stefánssonar, félagsfræðings.<sup>12</sup>

### 2.2.2 Skólasókn grunnskólanema

Á þeim tíma er Velferðarvaktin vann að tillögum sínum gegn brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum var einnig rætt um að skoða þyrfti skólasókn grunnskólanema þ.m.t. skólaforðun. Á fyrri hluta árs 2018 kom Reykjavíkurborg á framfæri skýrslu teymis um skólaforðun barna í efri bekkjum grunnskóla og neðstu bekkjum framhaldsskóla.<sup>13</sup>

Í framhaldinu var m.a. rætt um skólasókn þ.m.t. skólaforðun í barnahópi vaktarinnar. Ákveðið var að Velferðarvaktin stæði fyrir könnun til að varpa ljósi á stöðuna. Í lok árs 2018 var könnunin undirbúin. Stefnt er á að könnunin fari fram í janúar og febrúar 2019. Tilgangur könnunarinnar er að afla upplýsinga um skólasókn, þ.m.t. skólaforðun, sem getur nýst við umræðu og stefnumótun í málefnum barna með það að markmiði að tryggja sem flestum börnum farsæla skólagöngu og sporna gegn brotthvarfi úr skóla. Könnunin verður send á netföng allra grunnskóla landsins og stíluð á skólastjóra skólanna. Úrvinnsla könnunarinnar er ráðgerð í mars 2019.

---

## 2.3 Þátttaka í fundum, viðburðum og öðrum verkefnum

Velferðarvaktin gefur almennt ekki umsagnir um mál sem eru í vinnslu á Alþingi. Eðlilegra þykir að þeir sem eiga fulltrúa í Velferðarvaktinni gefi umsagnir beint fyrir hönd sinna aðila s.s. stofnana eða félagasamtaka. Hinsvegar hefur verið leitast við að sækja fundi sem Velferðarvaktinni hefur verið

---

<sup>12</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/velferdarvaktin/frettir/stok-frett-velferdarvaktar/2017/11/06/-Rannsokn-a-lifskjorum-og-fataekt-barna/>

<sup>13</sup> [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agendaitems/lokaeintak\\_skyrsla\\_teymis\\_um\\_skolafordun\\_4.april\\_.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agendaitems/lokaeintak_skyrsla_teymis_um_skolafordun_4.april_.pdf)

boðið að senda fulltrúa á ýmist til að kynna skýrslur vaktarinnar eða annað sem tengist störfum hennar.

Þann 27. mars 2017 sóttu nokkrir fulltrúar Velferðarvaktarinnar fund velferðarnefndar Alþingis að ósk nefndarinnar. Umræðuefni fundarins var fátækt á Íslandi. Þann 10. ágúst 2018 sótti Vilborg Oddsdóttir, formaður sárafatæktarhóps Velferðarvaktarinnar, fund Velferðarráðs Reykjavíkurborgar í Hofi í Borgartúni fyrir hönd vaktarinnar. Til fundarins voru boðaðir aðilar sem koma að málefnum utangarðsfólks með einum eða öðrum hætti s.s. hagsmunaaðilar og notendur. Tilgangur fundarins var að fara yfir stöðu í málefnum utangarðsfólks og leita leiða til úrbóta þar sem stefna Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2014-2018 rennur sitt skeið á árinu og tímabært að hefja nýja stefnumótun. Þann 1. nóvember 2018 tók Salbjörg Bjarnadóttir, formaður barnahóps Velferðarvaktar, þátt í fundi velferðarnefndar Alþingis fyrir hönd vaktarinnar þar sem umræðuefnið var fólk með tvígreindan vanda.

### 2.3.1 Morgunverðarfundur um málefni skuldara

Þann 15. september 2017 hélt EAPN á Íslandi og PEPP Ísland-samtök fólks í fátækt morgunverðarfund um málefni skuldara í samstarfi við Velferðarvaktina þar sem þema fundarins var *Skuldagildran: Að lenda í henni og vinna sig út úr henni - Hvað er hægt að gera til þess að aðstoða skuldara?* Erindi héldu Vilborg Oddsdóttir, formaður EAPN á Íslandi, Vilhjálmur Bjarnason, alþingisþingmaður, Ingunn Árnadóttir félagsráðgjafi, Laufey Ólafsdóttir, skuldari og samhæfingarstjóri PEPP Ísland- samtaka fólks í fátækt og Sædís Arnadóttir, félagsráðgjafi. Einnig lýsti Ragna Reynisdóttir reynslu sinni af því að lifa við fátækt.

### 2.3.2 Morgunverðarfundurinn „Fátækt á fullveldisöld“

Þann 17. október 2018 stóð Velferðarvaktin að morgunverðarfundum á Grand hóteli, á alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt, í tilefni af 100 ára fullveldisafmælis Íslands undir yfirskriftinni: *Fátækt á fullveldisöld!* Á fundinum var fjallað um fátækt á Íslandi á fullveldisöld og horft á stöðu þeirra sem eru fátækir og þróun hennar undanfarin 100 ár. Leitað var svara við því hvernig það var að vera fátækur á árum áður í samanburði við seinni tíð og hvernig það er í dag. Frummælendur komu úr ólíkum áttum en þeir voru Stefán Pálsson, sagnfræðingur, Jóna S. Marvinsdóttir, öryrki, ellilífeyrisþegi og fulltrúi eldri kynslóðar innan PEPP Ísland – samtaka fólks í fátækt, Eygló Harðardóttir, verkefnastjóri nýbygginga Kvennaathvarfs, Anna Pétursdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Daníel Örn Arnarsson, varaborgarfulltrúi og stjórnarmeðlimur í Eflingu.

---

## 2.4 Félagsvísar

---

Félagsvísar eru tölulegar upplýsingar um fjölmörg atriði sem tengjast lífskjörum þjóðarinnar og ólíkum aðstæðum hópa, s.s. eftir fjölskyldugerð, kyni og aldri. Í mars 2009, í kjölfar bankahrunsins, samþykkti þáverandi ríkisstjórn Íslands tillögu Velferðarvaktarinnar um að setja af stað vinnu við að safna saman ýmiskonar samfélagslegum mælingum undir yfirskriftinni Félagsvísar. Hagstofa Íslands, í samvinnu við velferðarráðuneytið undirbjó útgáfuna og voru þeir fyrstu gefnir út árið 2012. Hagstofa Íslands annast uppfærslu og birtingu Félagsvísa samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið. Auk þess að gefa árlega út Félagsvísa birtir Hagstofan einnig félagsvísa um tiltekin málefni. Seinni hluta árs hefur Hagstofan unnið að endurskoðun Félagsvísa í samráði við velferðarráðuneytið þar sem m.a. er stefnt að því að einfalda framsetningu þeirra. Ráðgert er að endurskoðun verði lokið á fyrri hluta ársins 2019.

## 3 Kynningar á Velferðarvaktinni

### 3.1 Velferðarvaktin kynnt félagsmálaráðherra Færeyja

Þann 21. september 2018 var Velferðarvaktin kynnt félagsmálaráðherra Færeyja, Eyðgunn Samuelsen, í Þórshöfn í Færeyjum, en stjórnvöld í Færeyjum hafa sýnt henni áhuga.

Í tilefni kynningarinnar var gefin út fréttatilkynning þar sem fram kom m.a.

*„Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar, sem kynnti vaktina fyrir færeyska ráðherranum, segir að Velferðarvaktin hafi frá upphafi vakið athygli út fyrir landssteinana. Hún sé nýsköpunarverkefni og eigi sér enga fyrirmynd erlendis. „Færeyski ráðherrann vildi heyra hvernig samráðsvettvangur ólíkra aðila vakir yfir stöðu þeirra sem höllum fæti standa á Íslandi og skilar árangri. Okkur þykir gott að Velferðarvaktin skuli vekja jákvæða athygli erlendis. Ef færeyskum stjórnvöldum hugnast að setja upp svipaðan vettvang þá erum við tilbúin til frekari kynninga og aðstoðar.“*

*Að kynningarfundum loknum sagði Eyðgunn Samuelsen, félagsmálaráðherra Færeyja, áhugavert að heyra að frekar auðvelt sé að koma slíkum vettvangi á. Frjáls félagasamtök fylgist daglega með stöðunni og geti því fljótt sagt til breytist þarfirnar í samfélaginu. „Það sem okkar vantar kannski í Færeyjum er að ná saman vitneskju sem ekki má lesa úr hagtölunum, en liggur úti í samfélaginu hjá frjálsum félagasamtökum, stofnunum og fleirum. Ef við fáum þá, sem þekkja á ýmsan hátt stöðu fjölskyldna í vanda, til að tala saman þá náum við betri og heildstæðari yfirsýn og getum fundið betri lausnir.“<sup>14</sup>*

### 3.2 Velferðarvaktin kynnt á ráðstefnunni „Velliðan fyrir alla - Jöfnuður og heilsa“

Reykjavíkurborg og Embætti landlæknis stóðu fyrir lýðheilsuráðstefnu um jöfnuð og heilsu þann 3. maí í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Á ráðstefnunni var Velferðarvaktin kynnt af formanni hennar. Ráðstefnunni var ætlað að varpa ljósi á hvað jöfnuður til heilsu þýðir og hverjir eru helstu áhrifaþættir.<sup>15</sup>

### 3.3 Velferðarvaktin kynnt á Norrænu lýðheilsuráðstefnunni 2017

Formaður Velferðarvaktarinnar kynnti starfsemi vaktarinnar á Norrænu lýðheilsuráðstefnunni (Nordisk Folkesundhedskonference) sem fór fram dagana 23.-24. ágúst 2017 í Álaborg í Danmörku. Á ráðstefnunni kynnti hún einnig Norrænu velferðarvaktina, norrænt formennskuverkefni undir forystu Íslands, sem náði til árána 2014-2017. Norræna lýðheilsuráðstefnan hefur verið haldin þriggja ára fresti frá 1987 og mun sú næsta verða haldin á Íslandi árið 2020.

### 3.4 Kynning á Velferðarvakt og málþing á Austurlandi

<sup>14</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/velferdarvaktin/frettir/stok-frett-velferdarvaktar/2018/09/27/Velferdarvaktin-vekur-athygli-i-Faereyjum/>

<sup>15</sup> <https://reykjavik.is/frettir/vellidan-fyrir-alla-jofnudur-og-heilsa>

Ákveðið að kynna Velferðarvaktina í öllum landsfjórðungum á næstu misserum, þ.e. á Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og í Reykjanesbæ. Fyrsta kynningin af því tagi fór fram á málþingi á Austurlandi sem Velferðarvaktin stóð fyrir á Hótel Héraði á Egilsstöðum þann 19. október 2018. Í þeirri heimsókn fengu fulltrúar Velferðarvaktar einnig kynningu á starfi teymis sem starfar innan Austurlandslíkansins. Kynning á teyminu fór fram á Djúpavogi. Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri Félagsþjónustu Fljótshéraðs hélt utan um skipulagningu heimsóknarinnar.

### **Dagskrá málþingsins:**

10:00-10:30 **Opnun málþings** – *Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar segir*

*frá Velferðarvaktinni og Salbjörg Bjarnadóttir og Vilborg Oddsdóttir segja*

*frá undirhópum vaktarinnar*

10:30-10:45 **Velferð barna á Djúpavogi** – *Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir skólastjóri*

*Grunnskóla Djúpavogi*

10:45-11:00 *Forvarnarverkefni í málefnum barna og fjölskyldna* – *Júlía Sæmundsdóttir*

*félagsmálastjóri Fljótshéraðs*

11:00-11:15 **Þjónusta HSA við börn á Austurlandi** – *Jónína Óskarsdóttir fagstjóri*

*hjúkrunar á Heilsugæslusviði HSA*

11:15-11:30 *Fríar skólamáltíðir og snjalltækjalausir grunnskólar* – *Helga Elísabet Beck*

*Guðlaugsdóttir félagsmálastjóri og Þóroddur Helgason fræðslustjóri*

*Fjarðabyggð*

11:30-11:45 *Allir með – þátttaka barna af erlendum uppruna í skipulögðu*

**tómstundastarfi** – *Bylgja Borgþórsdóttir Verkefnastýra íþróttá-*

*tómstunda- og forvarnamála Fljótshéraði*

11:45-12:00 *Umræður*

12:00-12:45 *Hádegishlé – súpa í boði Velferðarvaktarinnar*

12:45-13:00 **Saman getum við meira** – *Helga Guðmundsdóttir fræðslustjóri*

*Fljótshéraðs*

13:00-13:15 *Aðstoð við efnalitla á Austurlandi – þriðji geirinn* – *Þorgeir Arason*

*sóknarprestur*

13:15-13:30 **Birtingarmyndir ofbeldis** – *Bjarni Bjarnason rannsóknarlögreglumaður*

*hjá Lögreglunni á Austurlandi*

*13:30-13:45 **Geðheilbrigðisþjónusta innan HSA** – Sigurlín Hrund Kjartansdóttir*

*yfirsálfræðingur HSA*

*13:45-14:00 **Heita kartaflan** – Eydís Ásbjörnsdóttir bæjarfulltrúi Fjarðabyggð*

*og formaður starfshóps um geðheilbrigðismál hjá SSA*

*14:00-14:30 Kaffihlé*

*14:30-14:45 Starf Héraðs- og Borgarfjarðardeildar RKÍ*

*– Margrét Dögg Guðgeirsdóttir starfsmaður RKÍ*

*14:45-15:15 Umræður*

*15:15 Ráðstefnuslit*

*Fundarstjóri Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs*



## 4 Fundir Velferðarvaktarinnar 2017-2018

Velferðarvaktin hefur á hverjum tíma fengið til sín fjölbreyttan hóp gesta í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á þau málefni sem vaktin hefur verið með til skoðunar. Fundir Velferðarvaktar eru oftast haldnir í velferðarráðuneytinu, en stöku sinnum í baklandi fulltrúa í vaktinni.

### Fundur 11. desember 2018

Útgáfa á vegum Umboðsmanns skuldara. Ásta B. Helgadóttir, Umboðsmaður skuldara, kynnti þrjá bæklinga sem gefnir hafa verið út á vegum embættisins m.a. um ráðgjöf til fólks um hvernig það eigi að ná betri tókum á fjármálum sínum.

Málefni barna. Erna Kristín Blöndal, verkefnastjóri í málefnum barna, kynnti þá vinnu sem hún hefur leitt vegna málefna barna.

Brúin (Hafnarfjarðarlíkanið), nýsköpunarstarf fyrir börn og fjölskyldur. Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu, Fanney Halldórsdóttir, sviðsstjóri frístunda- og fræðsluþjónustu og Hulda Björk Finnsdóttir, verkefnastjóri BRÚARINNAR, kynntu.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með áherslu á markmið markmið nr. 1 Engin fátækt, nr. 3 Heilsa og vellíðan og nr. 10 Aukinn jöfnuður. Fanney Karlsdóttir, formaður verkefnastjórnar stjórnvalda um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, ásamt Áslaugu Karen Jóhannsdóttur, varaformanni verkefnastjórnar og Gunnari Þorbergi Gylfasyni, fulltrúa félagsmálahluta velferðarráðuneytis í verkefnisstjórn, kynntu.

Skólasókn, þ.m.t. skólaforðun. Siv Friðleifsdóttir kynnti stuttlega könnun Velferðarvaktar sem fram fer á næstu vikum.

### Fundur 2. október 2018

Velferðarvaktin var kynnt í Færeyjum fyrir félagsmálaráðherra Færeyja. Siv Friðleifsdóttir sagði frá kynningunni.

Skýrsla um líf skjör og fátækt barna á Íslandi. Kolbeinn Stefánsson, kynnti fyrstu drög að niðurstöðu rannsóknar sem hann er að vinna fyrir Velferðarvaktina um líf skjör og fátækt barna á Íslandi.

Fyrstu 1000 dagar barnsins. Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis, kynnti þriggja ára formennskuverkefni Ísland í norrænu samstarfi 2019-2021 sem hefur það markmið að finna bestu leiðir til að efla geðheilsu og vellíðan á fyrstu árum lífsins þannig að öll börn á Norðurlöndunum hljóti besta mögulega upphaf í lífinu.

Skýrsla Íslands til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Elísabet Gísladóttir, lögfræðingur, kynnti.

Skólaforðun. Una Björg Bjarnadóttir, kennsluráðgjafi hjá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og Hulda Björk Finnsdóttir, verkefnastjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, kynntu skýrslu teymis um skólaforðun barna í efri bekkjum grunnskóla og neðstu bekkjum framhaldsskóla.

### Fundur 28. ágúst 2018

Umræða um lyfja og vímuefnanotkun. Einar Magnússon, lyfjamálastjóri og Ingibjörg Sveinsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, kynntu og tóku þátt í umræðum.

Skýrsla heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál. Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, kynnti afstöðu samtakanna til skýrslunnar.

Umræða um Félagsvísa og þróun þeirra. Kolbeinn Stefánsson og Gró Einarsdóttir frá Hagstofunni tóku þátt í umræðum.

Aðstæður utangarðsfólks. Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, kynnti viðbrögð og vinnu Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks.

Sjóður fyrir sárafátæka. Guðný Björnsdóttir og Björg Kjartansdóttir frá Rauða krossinum á Íslandi kynntu nýjan sjóð Rauða krossins til styrktar þeim sem búa við sárafátækt á Íslandi, sérlega barnafjölskyldur og eldri borgara.

### **Fundur 15. maí 2018**

Umræða um börn í fíknivanda. Iðunn Garðarsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra og Arnar Þór Sævarsson, aðstoðarmaður félags- og jafnréttismálaráðherra, kynntu áherslur ráðherranna.

Áskoranir sem fylgja skólastarfi og þjónustu við börn í grunnskólum, með áherslu á börn sem höllum fæti standa. Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, skólastjóri Fellaskóla í Breiðholti, kynnti áherslur skólans í þessum efnum.

### **Fundur 20. mars 2018**

Tillögur sárafátæktarhópsins um bættar aðstæður utangarðsfólks. Vilborg Oddsdóttir, formaður sárafátæktarhóps velferðarvaktarinnar, kynnti.

Vandi ungs fólks vegna smálána. Ásta Sigrún Helgadóttir, Umboðsmaður skuldara, kynnti.

Rannsókn um líf skjör og fátækt barna á Íslandi. Kolbeinn Stefánsson, Eddu Öndvegissetri, kynnti framvindu rannsóknarinnar.

Brotthvarf úr framhaldsskólum. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti áherslur sínar og tók þátt í umræðum um tillögur Velferðarvaktar gegn brotthvarfi í framhaldsskólum.

### **Fundur 30. janúar 2018**

Skýrsla um hagi utangarðsfólks í Reykjavík. Vilborg Oddsdóttir, formaður sárafátæktarhópsins, kynnti umfjöllun hópsins um skýrslu Reykjavíkurborgar um hagi utangarðsfólks í Reykjavík.

Viðbrögð Sambands íslenskra framhaldsskólanema við tillögum um brotthvarf. Davíð Snær Jónsson, formaður og Einar Hrafn Árnason, varaformaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema kynntu viðbrögð sambandsins við tillögum Velferðarvaktar frá 29. nóvember 2017 um brotthvarf.

Viðbrögð við samantekt Velferðarvaktar frá 27. desember 2017 um kostnaðarþátttöku barna í ritföngum og pappír í grunnskóla. Umræða.

Eftirfylgni við tillögu Velferðarvaktar frá 11. apríl 2017 vegna Þróunarsjóðs innflytjendamála. Umræða.

Neyslurými fyrir langt leidda vímuefnaneytendur. Einar Magnússon, lyfjamálastjóri í velferðarráðuneytinu, Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Svala Jóhannesdóttir frá Rauða krossinum á Íslandi og Ingibjörg Sveinsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, héldu erindi og tóku þátt í umræðum.

Heimsókn félags- og jafnréttismálaráðherra. Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, kynnti áherslur sínar í málaflokknum.

### **Fundur 29. nóvember 2017**

Kynning á rannsóknarskýrslu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar: Kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík. Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, kynntu.

Tillögur til þess að koma í veg fyrir brotthvarf úr námi. Salbjörg Bjarnadóttir, formaður Barnahóps, kynnti tillögur hópsins vegna brotthvarfs.

Kynningar á sérhefti félagsvísa 2017 og rannsóknar á lífskjörum og fátækt barna. Kolbeinn Stefánsson frá Hagstofunni, kynnti.

### **Fundur 18. október 2017**

Kynning á störfum nefndar um endurskoðun bótakerfisins. Ágúst Þór Sigurðsson, formaður nefndar um endurskoðun bótakerfa og Rósa Guðrún Bergþórsdóttir, fulltrúi velferðarráðuneytis í nefndinni, kynntu.

Morgunverðarfundur um málefni skuldara. Sædís Arnardóttir frá Hjálparstarfi kirkjunnar, sagði frá morgunverðarfundinum.

Skýrsla Maskínu um kostnaðarpátttöku nemenda vegna ritfanga og pappírs. Siv Friðleifsdóttir kynnti viðbrögð við skýrslunni.

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum. Salbjörg Bjarnadóttir, formaður barnahóps velferðarvaktarinnar, kynnti drög að tillögum sem hópurinn er að vinna.

### **Fundur 15. ágúst 2017**

Brotthvarfsspema: Úttekt á menntun án aðgreiningar á Íslandi - helstu niðurstöður og eftirfylgni. Guðni Olgeirsson, sérfræðingur á skrifstofu mennta- og vísindamála í menntamálaráðuneytinu og fulltrúi í velferðarvaktinni kynnti.

Brotthvarfsspema: GOAL, verkefni um náms- og starfsráðgjöf. Fjóla María Lárusdóttir, verkefnastjóri, og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, kynntu Evrópuverkefni GOAL.

Brotthvarfsspema: Umræður fulltrúa Velferðarvaktarinnar um ráðstafanir gegn brotthvarfi úr skólum. Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, tók þátt í umræðum ásamt Krístrúnu Birgisdóttir og Kolfinnu Jóhannesdóttur, starfsmönnum stofnunarinnar.

UNICEF skýrsla um stöðu barna í efnameiri ríkjum með hliðsjón af þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem talin eru mikilvægust fyrir velferð þeirra. Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóra UNICEF, kynnti niðurstöður skýrslunnar.

Könnun Velferðarvaktarinnar um kostnaðarpátttöku grunnskólabarna vegna skólagagna o.fl. Siv Friðleifsdóttir kynnti niðurstöður úr Maskínukönnun.

### **Fundur 23. maí 2017**

Kynning á skýrslu Barnaheilla „Ending Educational and child poverty in Europe“. Margrét Júlía Rafnsdóttir frá Barnaheillum kynnti.

Aðgerðir gegn brotthvarfi og niðurstöður. Fulltrúi frá Menntamálastofnun, kynnti skráningar á ástæðum brotthvarfs úr framhaldsskólum.

MA ritgerð um ungt lesblint fólk utan vinnumarkaðar. Björk Vilhelmsdóttir, félagsráðgjafi og fyrrum borgarfulltrúi, kynnti niðurstöður MA ritgerðar sinnar um ungt lesblint fólk utan vinnumarkaðar.

„Unga in i Norden- geðheilsa-menntun-atvinnuþátttaka“. Hrafnhildur Tómasdóttir frá Vinnumálastofnun og fulltrúi Íslands í verkefninu Unga in i Norden- geðheilsa-menntun-atvinnuþátttaka, kynnti tillögur verkefnisins er lúta að Íslandi.

Brotthvarf úr framhaldsskóla. Bóas Valdórsson, sálfræðingur í Menntaskólanum í Hamrahlíð, sagði frá reynslu sinni við að vinna gegn brotthvarfi nemenda úr skóla.

#### **Fundur 4. apríl 2017**

Heimsókn til velferðarnefndar Alþingis. Siv Friðleifsdóttir sagði frá því að nokkrir fulltrúar vaktarinnar hafi farið á fund velferðarnefndar Alþingis 27. mars að ósk nefndarinnar í tengslum við umræðu um fátækt.

Ný löggjöf um húsaleigubætur, sérstakur húsnæðisstuðningur og stofnframlög. Lís Margrét Sigurðardóttir og Rún Knútsdóttir, lögfræðingar í velferðarráðuneytinu, skýrðu frá nýrri löggjöf um húsnæðisbætur, sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga og stofnframlög.

Drög að tillögum til mennta- og menningarmálaráðherra vegna ritfangakaupa. Salbjörg Bjarnadóttir, formaður barnahópsins, kynnti drög að bréfi til mennta- og menningarmálaráðherra.

Umræða um brotthvarf úr framhaldsskólum og nemendur sem mæta ekki í grunnskólann. Guðni Olgeirsson, fulltrúi í barnahóp, sagði frá aðgerðum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að draga úr brotthvarfi nemenda í framhaldsskólum en það hefur lengi verið áhyggjuefni hér á landi. Algengara er orðið að nemendur hætti námi vegna kvíða og þunglyndis en ekki vegna námserfiðleika. Einnig er vitað til þess að dæmi séu um að nemendur á skyldunámsaldri mæti ekki í skólann og það sé einnig mikið áhyggjuefni.

Tillaga til félags- og jafnréttismálaráðherra um Þróunarsjóð innflytjendamála. Vilborg Oddsdóttir, formaður sárafatæktarhóps, kynnti drög að tillögu til félags- og jafnréttismálaráðherra.

#### **Fundur 15. febrúar 2017**

Félagsvísar 2016. Kolbeinn Stefánsson frá Hagstofunni kynnti nýútkomna Félagsvísa.

Málefni hælisleitenda og flóttamanna. Vilborg sagði frá því að sárafatæktarhópurinn væri búinn að halda tvo fundi þar sem rætt var um hvort reyna ætti að kortleggja félagsstarf hælisleitenda og flóttamanna (virkni dags daglega). Á þessa fundi hafa m.a. verið kallaðir til fulltrúar Útlendingastofnunar, innanríkisráðuneytisins, Rauða krossins og fulltrúar móttökusveitarfélaga.

Heimsókn félags- og jafnréttismálaráðherra. Þorsteinn Víglundsson, nýr félags- og jafnréttismálaráðherra, var gestur á fundinum og kynnti áherslur sínar í málaflokknum.

## 5 Fulltrúar í Velferðarvaktinni

1. Siv Friðleifsdóttir, án tilnefningar, formaður
2. Angélique Kelley, tiln. af Samtökum kvenna af erlendum uppruna
3. Anna María Gunnarsdóttir, tiln. af Kennarasambandi Íslands
4. Anna Rós Jóhannesdóttir, tiln. af Félagi fagfólks í fjölskyldumeðferð
5. Árni Múli Jónasson, tiln. af Landsamtökunum Þroskahjálp
6. Ásgerður Jóna Flosadóttir, tiln. af Fjölskylduhjálpi Íslands
7. Ásta Sigrún Helgadóttir, tiln. af Umboðsmanni skuldara
8. Bergþór G. Böðvarsson, tiln. af Geðhjálpi
9. Bergþór Heimir Þórðarson, tiln. af PEPP Ísland-samtök fólks í fátækt
10. Björg Kjartansdóttir, tiln. af Rauða krossinum á Íslandi
11. Bragi Skúlason, tiln. af Bandalagi háskólamanna
12. Eðvald Einar Stefánsson, tiln. af Umboðsmanni barna
13. Eiríkur Karl Ólafsson Smith, fulltrúi réttindagæslumanna, án tilnefningar
14. Erla Ósk Guðjónsdóttir, tiln. af Menntamálastofnun
15. Eva Bjarnadóttir, tiln. af UNICEF á Íslandi
16. Eysteinn Eyjólfsson, tiln. af VIRK starfsendurhæfingarsjóði
17. Garðar Hilmarsson, tiln. af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
18. Guðni Olgeirsson, tiln. af mennta- og menningarmálaráðuneytinu
19. Gústav Aron Gústavsson, tiln. af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
20. Hrafnhildur Tómasdóttir, tiln. af Vinnumálastofnun
21. Ingvi Kristinn Skjaldarson, tiln. af Hjálpræðishernum á Íslandi
22. Kristín Þóra Harðardóttir, tiln. af Samtökum atvinnulífsins
23. Kristjana Gunnarsdóttir, tiln. af Reykjavíkurborg
24. Margrét Júlía Rafnsdóttir, tiln. af Barnaheillum
25. Margrét Steinarsdóttir, tiln. af Mannréttindaskrifstofu Íslands
26. Salbjörg Ágústa Bjarnadóttir, tiln. af Embætti landlæknis
27. Sesselja Guðmundsdóttir, tiln. af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
28. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, tiln. af Heimili og skóla
29. Sigrún Þórarinsdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
30. Sigurður Jónsson, tiln. af Landssambandi eldri borgara
31. Sigurrós Gunnarsdóttir, tiln. af Sjónarhóli - ráðgjafarmiðstöð ses
32. Sigurrós Kristinsdóttir, tiln. af Alþýðusambandi Íslands
33. Sigurveig H. Sigurðardóttir, tiln. af Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
34. Sigþrúður Guðmundsdóttir, tiln. af Samtökum um kvennaathvarf
35. Sólveig Hjaltadóttir, tiln. af Tryggingastofnun ríkisins
36. Stefán Vilbergsson, tiln. af Öryrkjabandalagi Íslands
37. Sunna Diðriksdóttir, tiln. af dómsmálaráðuneytinu
38. Tryggvi Hallgrímsson, tiln. af Jafnréttisstofu
39. Viðar Helgason, tiln. af fjármála- og efnahagsráðuneytinu
40. Vilborg Oddsdóttir, tiln. af Hjálparstarfi kirkjunnar
41. Vilhjálmur Bjarnason, tiln. af Hagsmunasamtökum heimilanna.

Með velferðarvaktinni starfar Lovísa Lilliendahl, verkefnastjóri í velferðarráðuneytinu.

Velferðarvaktin var skipuð af félags- og húsnæðismálaráðherra 18. júní 2014.

## 6 Lokaorð

Eins og framangreind samantekt sýnir spönnuðu störf og verkefni Velferðarvaktarinnar árin 2017–2018 víðtækt svið. Velferðarvaktin hefur nú starfað í tæpan áratug í anda skipunarbréfs ráðherra félagsmála frá árinu 2009 og endurskoðuðu skipunarbréfi frá árinu 2014. Hefur vaktin starfað í tíð sex ráðherra félagsmála. Störf Velferðarvaktarinnar hafa á undanföllum árum þróast í takt við nýja tíma og nýjar áskoranir. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru mikilvæg og munu hafa áhrif á störf Velferðarvaktarinnar og samfélagsins alls um ókomna framtíð. Nokkur þeirra tengjast hlutverki vaktarinnar meira en önnur og má þar helst nefna markmið nr. 1 Engin fátækt, nr. 2 Ekkert hungur, nr. 3 Heilsa og vellíðan, nr. 4 Menntun fyrir alla og nr. 10. Aukinn jöfnuður, í því sambandi. Heimsmarkmiðin eru nýtt tæki sem vænta má að skili árangri. Velferðarvaktin mun vinna í anda þeirra og skipunarbréfs síns. Áfram þarf að vakta velferð og bæta stöðu efnalítilla barnafjölskyldna, þeirra sem búa við mesta fátækt og annarra sem höllum fæti standa. Velferðarvaktin mun standa þá vakt áfram.